

Tillaga til ályktunar

– Sumarfrí leikmanna–

Tillagan hljóðar svona:

Lagt er til að ársþing KSÍ 2024 samþykki eftirfarandi tillögu:

Ársþing KSÍ samþykki að innleitt verði sumarhlé á keppnistímabili í Íslandsmóti meistaraflokka í knattspyrnu á Íslandi. Lagt er til að skipta Íslandsmótinu í vor- og haust tímabil, þar sem sumarhlé frá keppnisleikjum yrði um mitt Íslandsmót, þar sem fjögurra vikna keppnishlé væri frá leikjum, og þar sem leikmenn fengju 14 daga samfleytt frí frá skipulögðum æfingum hjá sínum félagsliðum.

Fordæmi fyrir mið-tímabilshléi liggja fyrir á Norðurlöndunum, þar sem sumarhléin eru sett í FIFA/UEFA/Ólympíu- lokakeppnisglugga. Sem dæmi mun sumarið 2024 í Herrallsvenskan í Svíþjóð taka sumarhlé í deild milli 2. júní – 6. júlí, þegar mótið hefur spilað 12 umferðir fyrir sumarhlé. Til samanburðar mun Damallsvenskan í Svíþjóð taka sumarhlé frá 8. júlí – 22. ágúst, eftir 15 spilaðar umferðir, eða á meðan Ólympíuleikarnir standa yfir í París.

Sumarhléin 2024 í efstu deildum í Svíþjóð er í lengra lagi, þar sem í ár er bæði EM KK og Ólympíuleikar, þar sem A-landslið KVK taka þátt.

Mótanefnd KSÍ hefur hagrætt móta fyrirkomulagi varðandi Íslandsmót í knattspyrnu áður, þegar landslið Íslands hafa tekið þátt í stórmótum, A-landslið KK (EM 2016 & HM 2018), A-landslið KVK (EM 2017 & 2022) og 19 ára landslið KK og KVK (EM 2023).

Tímabilshlé í knattspyrnu er gert til að gefa leikmönnum tíma til andlegrar og líkamlegrar endurheimtar, ásamt því að gefa þjálfurum, starfsfólki og sjálfboðaliðum félaga möguleika á sumarfrí.

Lagt er til að sumarhlé á keppnisleikjum í Íslandsmóti í knattspyrnu varir að minnsta kosti fjórar vikur, til þess að geta gefið þjálfurum og leikmönnum tíma til 14 daga samliggjandi frís ásamt undirbúningstíma fyrir komandi haust tímabil.

Stjórn Leikmannasamtaka Íslands